



Fræðslunefnd Blönduós bæjar - 19. fundur fræðslunefndar Blönduós bæjar
haldinn í fundarsal að Hnjúkabyggð 33, 4. maí 2017
og hófst kl. 18:25

Fundinn sátu:

Kristín Ingibjörg Lárusdóttir, formaður
Anna Margrét Jónsdóttir, aðalmaður
Kristín Jóna Sigurðardóttir, aðalmaður
Erla Ísafold Sigurðardóttir, aðalmaður
Þórhalla Guðbjartsdóttir, skólastjóri
Gunnhildur Erla Þórmundsdóttir, áheyrnarfulltrúi foreldra
Arnar Þór Sævarsson,
Þórdís Hauksdóttir fræðslustjóri

Fundargerð ritaði: Kristín Jóna Sigurðardóttir, aðalmaður

Kristín Ingibjörg, formaður fræðslunefndar, setti fundinn og bauð Erlu Ísafold velkomna til starfa í fræðslunefnd.

Dagskrá:

1. Skóladagatal Blönduskóla 2017 - 2018 - 1705001

Þórhalla Guðbjartsdóttir kynnti drög að skóladagatali næsta skólaárs, 2017 - 2018. Kristín bar skóladagatalið upp til atkvæðagreiðslu og samþykkti fræðslunefnd það fyrir sitt leyti.

2. Starfsmannamál Blönduskóla - 1705002

Þórhalla sagði frá því að tveir kennarar við Blönduskóla hafi óskað eftir árs leyfi frá kennslu. Það eru þær Anna Margrét Valgeirsdóttir og Lilja Jóhanna Árnadóttir. Eins þarf að auglýsa þrjár stöður kennara. Í þeim eru starfandi leiðbeinendur. Verða því fimm stöður auglýstar á næstu dögum.

3. Mötuneyti Blönduskóla skólaárið 2017 - 2018 - 1705003

Samningi við rekstraraðila Mötuneytisins rennur út nú á vordögum, en í útboðinu er möguleiki til að framlengja samninginn um eitt ár og leggur Þórhalla til að svo verði gert. Fræðslunefnd samþykkir þetta fyrir sitt leyti.

4. Skólaakstur Blönduskóla skólaárið 2017 - 2018 - 1705004

Samningur við skólaláttgjafa rennur út nú í vor en í samningi við þá er ákvæði um að framlengja samninginn um eitt ár. Þórhalla mælist til að svo verði gert. Fræðslunefnd stiður framlenginguna.



Þórhalla sagði frá því að sín upplifun af vinnu við Bókun 1 væri góð og finnst henni allir hafi unnið af heilum hug.

Þórhalla og Gunnhildur víkja af fundi.

5. Greiðsla til kennara vegna vinnu við Bókun 1 - 1705005

Þrír kennarar starfa við Bókun 1. Þeir hafa setið sjö fundi og unnið undirbúningsvinnu utan vinnutíma, alls átta stundir.

Fræðslunefnd leggur til að kennararnir fái greidda yfirvinnu fyrir undirbúningsvinnuna og fundarlaun fyrir fundarsetu.

Fulltrúar fræðslunefndar vilja benda á að þessi vinna er unnin að frumkvæði Sambands Íslenskra sveitarfélaga, sem kalla eftir þessari vinnu. Vinna þessara kennara er því alveg utan við önnur störf þeirra í skólanum og telja fulltrúar fræðslunefndar því nauðsynlegt að greiða sérstaklega fyrir hana.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl.

Kristín Ingibjörg Lárusdóttir

Anna Margrét Jónsdóttir

Kristín Jóna Sigurðardóttir

Erla Ísafold Sigurðardóttir

Þórhalla Guðbjartsdóttir

Gunnhildur Erla Þórmundsdóttir

Arnar Þór Sævarsson

Þórdís Hauksdóttir